



# ÁRAMÓTABLAÐ

2005



# Ágæti lesandi



Það er orðinn árlegur viðburður í starfi Björgunarfélags Akraness að gefa út áramótablað. Í þessu blaði gefst okkur tækifæri til að kynna fyrir velunnurum okkar, hvað á daga okkar hefur drifið síðastliðið ár. Auk þess að nota tækifærið og kynna fyrir ykkur það sem í boði verður á okkar árlega flugeldamarkaði, einni af aðal fjáröflun Björgunarfélags Akraness.

Síðustu tólf mánuðir hafa verið annasamir. Bæði hefur árið verið viðburðaríkt félagslega og eins vegna þeirra starfa sem okkur eru falin sem björgunarsveit. Mikill áhugi er hjá félögum í starfi, við höfum tekið þátt í mörgum viðburðum á vegum samfélagsins sem við búum í og um leið haldið áfram þeirri markvissu uppbyggingu innan félagsins sem stefnt hefur verið að.

Út á við hefur þetta vakið athygli. Það liður varla sá dagur sem við erum ekki spurð út í okkar starf, hvernig við förum eiginlega að þessu. Á tímum þegar sjálfboðaliðastarf virðist eiga undir högg að sækja og atvinnuástand er svo gott sem raunin er. Í þessum sömu samræðum kemur einnig fram mikil virðing fyrir þessu starfi. Þeir eru ótrúlega margir sem hafa þurft á einhvern hátt á aðstoð björgunarsveitar að halda og þeir vita um hvað þetta snýst, en einnig eru þeir sem hafa með fræðslu áttað sig á mikilvægi þessarar starfsemi í þessu landi.

Starfsemi Björgunarfélagsins er flokkaskipt. Í byrjun árs 2005 var lögð áhersla á að ljúka við stofnun undanfaraflokks. Það eru margir sem spyrja sig að því hvað það nú sé og aðrir spyrja, hvort þörf sé á svona löguðu. Þegar mikið liggur við og boðað hratt út í erfið útköll, er nauðsynlegt að ákveðin vitneskja sé til um getu þeirra sem í útkallið fara. Undanfarar hafa mikla þekkingu og reynslu af björgunarstörfum og fjallamennsku. Þessi átta manna hópur gefur sig út fyrir að a.m.k. sex þeirra séu tilbúnir í erfiðt fjallaútkall með tuttugu mínútna fyrirvara og geti haldið það út í sólarhring við verstu vetrarastæður. Það er mikil ábyrgð að senda fólk út í þessar aðstæður. Við viljum vera viss um að það skili sér heim. Það fylgir þessu því öryggi að vita fyrirfram, vegna reynslu við æfingar, hvað hópurinn getur. Þessi hópur stóðst úttekt Slysavarnafélagsins Landsbjargar í vor, sá fyrsti utan höfuðborgarsvæðisins.

Vel þjálfað fólk þarf að vera búið góðum tækjum. Það eru jafnan stærstu og erfiðustu verkefni björgunarsveita að eignast góðan búnað. Það fylgja því jafnan

miklar pælingar hvað skuli keypt, hversu öflugt og hve mikið af græjum. Og jafnan erum við gagnrýnd fyrir „bruðlið“ en einnig hefur verið kvartað yfir græjuleysi. Vandrataður er sá millivegur. Í sumar tókst okkur að endurnýja bátinn okkar. Hann var keyptur notaður frá Bretlandi og fékk nafnið Margrét Guðbrandsdóttir. Þessi bátur reynist okkur í alla staði vel. Ekki hefur þó reynt enn á hann í útkalli.

Í haust keyptum við snjóbil. Það er ekki svo að við tökum mikið mark á spám um að Golfstraumurinn sé að yfirgefa okkur, heldur tókum við að okkur verkefni inn á Grundartanga sem felst í því að grísa asparskóginn sem þar var gróðursettur fyrir ca. 15 árum. Landið þarna er mjög blautt og er þetta eina tækið sem kemst um með góðu móti. Hæfileikar snjóbilsins í ófærð og erfiðu landi er síðan viðbót við tækjafloðu okkar. Það má segja að aðeins vanti okkur sexhjul og vélsleða til þess að vera hæf á öllum sviðum björgunarstarfa.

Það eru til Ólympíuleikar og það eru til Björgunarleikar. Ólíkir að stærð og mikilfengleika en engu að síður er barist hart á báðum stöðum um fyrsta sætið. Í vor var það stór stund fyrir félag Björgunarfélagsins þegar úrslit Björgunarleika Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru tilkynnt. Við unnum. Þrautþjálfað sex manna lið sem malaði önnur, flest af höfuðborgarsvæðinu. Það skyldi engin láta sér detta það í hug að þetta sé eitthvað gutl sem þarna á sér stað, til að vinna þurfti áralanga reynslu, þjálfun, útsjónarsemi og mjög gott úthald.

Í haust buðum við til samkomu í húsnæði okkar að Kalmansvöllum 2. Tilefnið var margvíslegt. Fimm ára starfsafmæli, vígsla á húsinu okkar og nafngift á nýja bátinum. Gestir okkar sýndu okkur mikinn heiður og virðingu með nærveru sinni, heillaóskum og gjöfum. Það er hollt að staldra við og lita yfir farinn veg, hvað hefur áunnist og hvar þarf að taka á. Gott er að setjast niður í góðra vina hópi og ræða málin.

Ágæti lesandi. Í ávarpi sem þessu er aðeins stiklað á stóru í starfinu. Ef þú vilt fræðast meira um okkur þá eigum við góða heimasíðu, [www.bjorgunarfelag.is](http://www.bjorgunarfelag.is). Þar er fyrst og fremst safn mynda úr starfi, en einnig ýmiss fróðleikur. Þessi skrif mín vil ég enda á því að þakka þér og öllum hinum sem lagt hafa starfsemi míni lið. Í smáu sem stóru. Það eru ekki bara þeir í göllunum með græjurnar sem vinna kraftaverkin. Það eru líka allir hinir sem að baki þeim eru.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla, árs og fríðar.

Ásgeir Kristinnsson,  
formaður Björgunarfélags Akraness.

# Flugelda- markaður

Björgunarfélags Akraness  
Kalmansvöllum 2 (á móti NETTÓ)

*Flugeldasýning í boði KB banka  
miðvikudagskvöldið 28. des. kl. 20  
á Jaðarsbökkum*



## Opnunartími



Miðvikudaginn 28. des. kl. 09-22

Fimmtudaginn 29. des. kl. 09-22

Föstudaginn 30. des. kl. 09-22

Gamlársdag 31. desember kl. 09-16

Prettándinn 6. jan. kl. 12-18



*Margar nýjar tegundir - Íslenskar rakettur*

FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARVEITANNA  
FLUGELDAR.IS



KB BANKI  
AKRANESI



# Kveðja frá Slysavarnadeild



Það var mikill ánægjudagur í Phaust þegar Björgunarfélagið vígði húsnæði sitt og nýjan björgunarbát. Báturinn ber nafnið hennar Margrétar Guðbrandsdóttur sem starfaði með Slysavarnadeild kvenna hér á Akranesi áratugum saman. En hún lést ásamt eiginmanni sínum Guðmundi Sveinssyni í Akraneshöfn í mars 2004.

Margrét sat í stjórn deildarinnar, um tíma sem formaður. Hún var mjög dugleg í félagsstarfinu, var meðal annars í félagsvistarnefnd til fjölda ára og hafði gaman af.

Fyrir um það bil 15 árum fengum við það verkefni að fara yfir öryggisbúnað í og við höfnina. Margrét kom með mér í það verkefni sem við unnum með gátlistum frá Slysavarnafélaginu. Þar skoðuðum við bryggjustiga, kantana á bryggjunni, merkingar og margt fleira sem við fórum yfir. Ásandið var nokkuð gott. Það var gott að hafa Margéti með í þessu verkefni því hún þekkti höfnina nokkuð vel og hafði brennandi áhuga á slysvörnum. Hún var slysavarnakona af lífi og sál.

Slysavarnadeildin færði Björgunarfélaginu peningagjöf að upphæð kr. 500.000 þegar báturinn var vígður og skiptist hún á milli bátasjóðs og köfunarhóps.

Þegar ég hugsa til baka þá finnst mér ótrúlegt að hugsa til þess að þau hjónin hafi farist í höfninni. Það er líka umhugsunarefni fyrir okkur hin að slysin gera ekki boð á undan sér. Við þurfum að vera vakandi fyrir hættum í okkar nánasta umhverfi.

Bærinn okkar hefur byggst hratt upp að undanfögnu og því fylgir mikil umferð stórvirkra vinnuvéla og tækja. Djúpir húsgrunnar eru líka hættulegir þó þeir

séu oftast girtir af. Það þarf að benda börnum á að leika sér ekki á svæðum þar sem verið er að byggja.

Í ársbyrjun 2005 styrkti deildin heimsókn Brúðuleikhúss í leikskólana hér í bænum. Sýningin fjallaði um strákinn Núma og hvernig hann lenti í hinum ýmsu óhöppum og hvað ber að gera til að varast þau. Börnin höfðu bæði gagn og gaman af þessari sýningu.

Í maí stóðum við fyrir hjóladeginum ásamt Rauða krossdeildinni, lögreglunni og grunnskólunum. Einarabúð gaf svaladrykk handa þátttakendum. Hjóladagurinn er orðinn árviss. Þar mæta börnin á hjólum eða línuskautum og leysa ýmsar þrautir, hjólin skoðuð og hjálmarnir stilltir. Í vor fengum við trúð á línuskautum til að skemmta og leika listir, úr því varð mikið fjör.

Aðal fjáraflanir deildarinnar eru kaffisala á sjömannadaginn, félagsvist spiluð yfir vetrarmánuðina, og núna síðustu ár höfum við útbúið leiðisgreinar og krossa sem hafa verið seldir samhliða jólatrössölunni hjá Björgunarfélaginu.

Við þökkum þökkum öllum þeim sem stutt hafa við bakið á okkur í gegnum árin.

Megið þið öll eiga gleðileg og slysalaus jól og áramót.

*Anna Kristjánsdóttir,  
formaður Slysavarnadeildar kvenna, Akranesi.*

## www.bjorgunarfelag.is

Í umfangsmiklum félagskap eins og rekstur björgunarsveitar, er afar gott að vera með góða heimasíðu. Þar er auðvelt að miðla fréttum til félaga, kynna starfið út á við og áhugasamir einstaklingar geta kynnt sér starfssemina.

Heimasíða Björgunarfélagsins hefur nú verið í notkun í fjögur ár. Þótti okkur því vera kominn tími á endurskoðun. Einnig þurftum við að skipta um hýsingarfyrirtæki. Eftir stutta skoðun náðum við góðu samkomulagi við fyrirtækið Nepal í Borgarnesi um þessa þjónustu. Þeir hafa starfað með góðum árangri hér á svæðinu, meðal annars komu Nepalvefirnir ([www.akranes.is](http://www.akranes.is) og [www.grundarfjörður.is](http://www.grundarfjörður.is)) afar vel út úr könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Það sem munar mest um er mjög gott myndaumhverfi. Auðvelt verður að geyma myndir og aðgengi að þeim verður stórbætt. Myndir segja meira heldur en mörg orð og starf sem okkar er mjög myndrænt.

## Aramótablað

1. tbl. - 3. árg. - Desember 2005

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Örn Kristinsson

Ritstjórar: Ingvar Örn Ingólfsson og Ásgeir Örn Kristinsson

Prófarkalestur: Anna Leif Elísdóttir

Myndir: Hilmar Sigvaldason, Helgi Steindal og Eypór Guðmundsson

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

## Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Akraneskirkja

Bílver

Blikksmiðja  
Guðmundar Hallgrímssonar

Brautin

Verzlunin Einar Ólafsson

Gísli Jónsson ehf.

Hjólbarðaviðgerðin

Málningarbúðin ehf.

Verzlunarmannafélag  
Reykjavíkur

SHA

Vignir G. Jónsson

ÞÞÞ

Tannlæknar

Lífeyrissjóður Vesturlands

Hönnun

ESSO

HB Grandi

Mozart

Bjarg



MÓTEFNI VIÐ KULDA



GEFÐU HLÝJU



# Björgunarbáturinn Margrét Guðbrandsdóttir



**B**jörgunarbáturinn Margrét Guðbrandsdóttir er af gerðinni Atlantic 21. Hann er smíðaður af RNLI (Royal National Lifeboat Institution) undir eftirliti Atlantic háskóla í Wales sem hannaði bátinn. Fyrsta gerð Atlantic 21 var framleidd 1972 en hafði þá verið 3 ár í hönnun. Björgunarbáturinn hefur breyst mikið í gegnum tíðina og er Margrét af sjöundu gerð eða þeirri næst síðustu. RNLI hætti að framleiða Atlantic 21 árið 2004 og hefur alfarið snúið sér af framleiðslu Atlantic 75 sem er arftaki 21.

Margrét var upprunalega smíðuð 1987 en hefur öll verið endurbyggð nema botninn. Seinasta endurbygging hennar átti sér stað 2003, þar sem var skipt um allt nema blöðru og botn. RNLI hefur það að starfsvenju að endurbyggja alla sína báta á tveggja ára fresti. Allt frá útskiptingu á helstu slithlutum, upp í nýja belgi og í raun úrelða þeir ekki báta fyrr en botn bátsins skemmist og þá oftast vegna slysa.

Margrét er aðallega framleidd úr GRP (Glass Rein-

forced Plastic) sem er mjög öflug trefjablanda úr plasti og gleri. Öll bygging bátsins er meira og minna úr þessu efni nema gálginn, sem er úr stáli og belgurinn sem er úr sérstakri nylon gúmmí blöndu (Nylon 66 weave) sem er húðuð með Hypalon.

Margrét er búin mjög öflugum búnaði eins og sjálfstýringarbúnaði, vindu, GPS og talstöð. Þar að auki er það á dagskrá okkar að fjárfesta í öflugri sjó-dælu til að auka notkunarsvið bátsins og gera hann betur í stakk búinn til að koma smábátum og öðrum til aðstoðar.

Margrét, sem bar skráningarnúmerið B-571 hjá RNLI, er með skráðar rúmlega 500 sjósetningar hjá RNLI og af því voru um 100 bjarganir á mannlífum samkvæmt sögu bátsins sem við fengum. Fullvíst er að Margrét er reyndasti sjöbjörgunarbátur landsins sem hefur komið frá RNLI en Slysavarnafélagið Landsbjörg tekur alla stærri báta sína frá þeim. Er það von okkar hjá Björgunarfélagi Akraness að Margrét muni reynast okkur eins vel og þeim hjá RNLI. Af þeim ferðum sem Margrét hefur nú þegar farið í hjá okkur, höfum við ekkert nema gott um hana að segja.

*Ingvar Örn Ingólfsson,  
varaformaður Björgunarfélags Akraness.*



# 112

EINN EINN TVEIR

Allt landið  
-eitt númer

LÖGREGLA - SLÖKKVILIÐ

SJÚKRALIÐ - LÆKNAR

BJÖRGUNARSVEITIR



ELTU EPLIÐ AÐ



# FULLU HÚSI MATAR

alltaf gott - alltaf ódýrt

netto 

# Almannavarnaæfing í Hvalfjarðargöngum

Þann 16. apríl sl. var haldin viðamikil almannavarnaæfing inni í Hvalfjarðargöngum. Félagar Björgunarfélagsins tóku þátt í æfingunni ásamt öðrum viðbragðsaðilum á svæðinu og einnig tóku þátt í æfingunni viðbragðsaðilar af höfuðborgarsvæðinu. Hvalfjarðargöngunum var lokað um tíma og sett á svið rútuslys og búinn til svokallaður gerfireykur sem byrgði alla sýn um tíma á „slystað“. Hópur af fólki var fenginn til þess að leika sjúklinga svo að aðstæður yrðu sem raunverulegastar. Myndirnar hér á síðunni tala sínu máli.





Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Almenna  
verkfræðistofan hf.



GÁMAÞJÓNUSTA  
AKRANESS ehf.



Akranesi



Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal þeim innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæm.



Flest alvarlegustu slysin verða vegna fíks. Mjög hættulegt er að taka flugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.

Fjölskyldupakkar troðfullir af fjöri \*

# Hvaða númer notar fjölskyldan?



FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARVEITANNA



Kalmansvöllum 2  
(beint á móti NETTÓ)

Viðtækt starf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfbóðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



SLYSAVARNARFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG



FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA

# Rosalegir bardagar

Heil flugeldasýning í einum kassa

100  
skota



150  
skota



100  
skota



150  
skota



100  
skota



150  
skota



100  
skota



Viðtækt starf Slysavarnarfélagssins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfbóðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



SLYSAVARNARFÉLAGID  
LANDSBJÖRG

# Björgunarleikarnir



Ég hef oft velt því fyrir mér af hverju ég gekk til liðs við björgunarsveitir. Sem barn prófaði ég auðvitað knattspyrnuna, komst einhvern veginn aldrei í þennan keppnisham sem maður þarf vist að vera í, c-liðið var því alltaf mitt lið. Eftir 2 sumur án stærri sigra lagði ég skóna á hilluna enda voru þeir orðnir allt of litlir.

Einhvern veginn smellpassaði ég strax inn í félagsskap björgunarsveitanna, engin keppni, allir stefndu bara að svipuðum markmiðum: að verða bærilegir björgunarsveitamenn. En er keppni ekki bara af hinu góða? Hún jú

reyndar skilur alltaf þá að sem leggja sig fram frá þeim sem leggja sig síður fram.

Vorið 2001 var efnt til keppni milli björgunarsveita, svokallaðra björgunarleika. Keppt var í hinum ýmsu þáttum björgunarsveitastarfsins s.s. rústabjörgun, fjallabjörgun og skyndihjálpi svo eitthvað sé nefnt. Meðlimir Björgunarfélags Akraness skráðu sig að sjálfsgöðu og mættu galvaskir til leiks. 5. sætið varð okkar, sem var ágætt miðað við þann fjölda sveita sem tók þátt. Einsettum við okkur það markmið að verða í einu af þremur topp sætunum árið 2003 þegar næstu leikar yrðu haldnir.

Það kom að árinu 2003 og sett var saman lið innan BA, lið sem hafði mjög dreifða þekkingu og víðtæka reynslu. Keppnin var haldin í lok maí og sökum prófa í framhaldsskólum gafst lítill tími til undirbúnings.

Við mættum samt til keppninnar af miklu afli og nutum þess að leysa þær þrautir sem við var að fást. Um kvöldið var svo boðið til kvöldverðar og dansleiks. Rétt fyrir miðnætti voru úrslitin kunngerð og Björgunarfélag Akraness hafði hneppt annað sætið. Í bland við sigurvímuna var smá biturleiki yfir því að hafa ekki hirt fyrsta sætið. En við vorum ánægðir með okkar hlut, ánægðir yfir því að vera næst besta björgunarsveit á Íslandi.

Svo liðu 2 ár og leið að þriðju björgunarleikunum. Að sjálfsgöðu skráðum við okkur til leiks, og ekki var ætlast til neins annars en að fá 1. sætið.

Sumir voru meira segja svo stórorðir að heita því að ef við næðum ekki 1. sætinu, færi allt liðið í g-streng til sunds í sundlaug Akureyrar en þar átti keppnin einmitt að fara fram. Tíminn leið og keppnin átti að fara fram 21. maí.

Dagurinn hófst snemma með þraut sem snerist um rústabjörgun, svo kom fjallabjörgun, skyndihjálpi, sjóbjörgun, tímaþraut þar sem við veltum rúllubagga yfir ýmsar hindranir o.fl. Dagurinn endaði svo á staðbundinni keppni milla allra sveitanna í böruhlaupi. Þar sem hlaupið var með heybagga í börum u.þ.b. 1,5 km leið fram hjá ýmsum hindrunum. Skagamenn komu þar fyrstir í mark við mikinn fögnuð áhorfenda. Þá kviknaði hjá okkur sú von að við yrðum kannski í einu að efstu sætunum.

Um kvöldið var svo öllum safnað saman í KA höll-



inni (Íþróttahús á Akureyri) og úrslitin tilkynnt. Ég gleymi þessu augnabliki sennilega seint en það eina sem kom upp í huga mér rétt áður en fyrsta sætið var lesið upp var, hvort að ég þyrfti daginn eftir að fara og versla mér g-streng og fara svo í sund í honum . . . „og í fyrsta sæti í björgunarleikunum árið 2005 er . . . Björgunarfélag Akraness“ hljómaði rödd upp á sviði. Ég leit strax framan í Ásgeir formann og Hannes fyrrverandi formann, sá að þeir brostu hringinn. Lokins sigurvíman! Við vorum bestir á landinu. Verðlaunin voru ekki slæm en sigurinn sjálfur var sætastur, lokins var hann okkar.

Gunnar Agnar Vilhjálmsson,  
undanfari.

# Fram til orrustu!

Sverð - Exi - Atgeir - Lásbogi - Spjót - Bogi - Hnífur



FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA



Kalmansvöllum 2  
(beint á móti NETTÓ)

Viðtækt starf Slysavarnarfélagssins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfbóðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



SLYSAVARNARFÉLAGID  
LANDSBJÖRG

# Undanfarar



**M**eðlimir björgunarsveita á Íslandi eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Hlutverk innan sveitanna eru fjölmörg og verkefni sem við leysum spanna óendalega fjölbreytt svið: verðmætabjörgun, leit að einstaklingum og jafn vel nokkurra daga leitar- og björgunaraðgerðir á hálendi Íslands. Þetta eru einungis þrjú dæmi um þau verkefni sem björgunarsveitirnar taka að sér.

Innan björgunarsveitanna ríkir mikill metnaður, flestir vilja vera hæfari, kunna meira, komast lengra og veita sérhæfða aðstoð. Þegar neyðin kallar þá snýst allt um þetta, að komast sem hraðast og öruggast til bjargar. Að koma þeim slasaða sem fyrst í öruggt skjól og undir læknishendur.

Innan nokkurra björgunarsveita Slysavarnarfélagsins starfa svokallaðir undanfarahópar. Innan þeirra raða er fólk sem er hæfara, kann meira, kemst lengra og getur veitt sérhæfðari aðstoð. Þetta björgunarsveitarfólk þarf að uppfylla miklar kröfur, m.a. í fyrstu hjálp, sérhæfðri fjallabjörgun og rústabjörgun svo eitthvað sé nefnt. Þetta er sem sagt fólk sem gefur sig út fyrir að fara til aðstoðar í hvaða veðri sem er og er alltaf búin til þess að vera upp á sjálft sig komið með mat og skjól í 24 klst. Geta sem sagt starfað algerlega óháð öðrum hópum í sólarhring. Þessir hópar eru byggðir upp af 6-8 einstaklingum, allir með sömu grunnþekkinguna og reynsluna, m.a. í fjallamennsku, rötun, fjallabjörgun og fyrstu hjálp en svo með dreifða sérþekkingu t.d. í sjúkraflutningum, sérhæfðari fjallabjörgun og mati á snjóflóðum svo eitthvað sé nefnt.

Hugmynd sú að stofna undanfarahóp á Akranesi er nokkur ára gömul og á rætur að rekja inn í gömlu Hjálparsveitina. Áhuginn fyrir því að vera fyrsta sveitin utan höfuðborgarsvæðisins til þess að stofna undanfarahóp var alltaf mikill, en það var ekki fyrr en eftir sameiningu sveitanna á Skaganum að hjólin fóru að snúast.

Við settum okkur tveggja ára markmið, að ljúka þjálfun á 6-8 manna hóp sem gæti uppfyllt kröfur og reglur um undanfara. Fyrir voru 2-3 sem uppfylltu kröfurnar þegar og það var í þeirra höndum að sjá til þess að hinir stæðu sig.

Fyrir höndum voru margir mánuðir af þjálfun, ferð-

um og námskeiðum. Allir lögðust á eitt, til þess að komast á leiðarenda og að verða undanfarar.

Í upphafi lagði ákveðinn fjöldi af stað í þessa þjálfun, hópurinn var samheldinn og aðeins þrír aðilar drógust aftur úr. Hápunkturinn var í febrúar 2005, þegar 5 meðlimir BA fóru vestur á Gufuskála á 5 daga námskeið í fjallamennsku. Námskeiðið var mjög stíft og að því loknu voru þátttakendur hæfir til þess að kenna fjallamennsku innan björgunarsveita Landsbjargar. Leiðbeinendurnir á námskeiðinu voru 3 og einn af þeim var ég sjálfur. Allir 5 stóðu sig með eindæmum vel fyrir vestan og strax að því loku hélt ég norður til Dalvíkur ásamt Sigurði Kára þar sem við tókum námskeiðið Lewel 1 í snjóflóðum. Þetta var vikunámskeið í mati á snjóflóðahættum og snjóflóðaleit. Leiðbeinendurnir voru tveir kanadískir snjóflóðasérfræðingar og að loknu námskeiðinu urðum við vottaðir hættumatssérfræðingar í snjóflóðum, í Kanada, Íslandi og víðar.

Það kom svo að því að þjálfunarferli okkar var loksins lokið og komið að úttekt. Það var fyrir fram ákveðinn dagur s.l. vor sem fulltrúar okkar samtaka mættu á svæðið. Það var að kvöldi til sem að við fengum boð um að mæta í hús og búa okkur undir útkall á Langjökli í leit að týndu fólki. Innan 10 mínútna voru átta undanfarar mættir í hús og byrjaðir að græja sig fyrir útkallið. Áður en 15 mínútur voru liðnar vorum við lagðir af stað úr húsi, klárir til tveggja daga leitar á jökli. Prófið var þannig að við vorum stöðvaðir fyrir utan dyrnar og farið yfir allt sem við höfðum pakkað niður, við fengum örfáar ábendingar um það sem betur hefði mátt fara í búnaði og tókum við það til skoðunar.


Það var svo á Landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í maí 2005 sem formlega var kynnt til leiks fyrsta undanfarasveitin utan höfuðborgarsvæðisins, það vorum við félagar í BA.

Loksins eftir langa og stranga þjálfun var markmiðinu náð, undanfarahópur Björgunarfélags Akraness.

*Gunnar Agnar Vilhjálmsson,  
undanfari.*

# Mögnuð gos í fjórum stærðum

# Brennur



**FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA**

Kalmansvöllum 2  
(beint á mótt NETTÓ)

Viðtækt starf Slysavarnarfélagssins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



**SLYSAVARNARFÉLAGID  
LANDSBJÖRG**

# Flags of our Fathers


**B**jörgunarsveitin Suðurnes fékk það frábæra verkefni seinnipart sumars að sjá um sjúkragæslu við tökur á myndinni *Flags of our Fathers*, sem töffarinn Clint Eastwood sá um að leikstýra. Björgunarfélag Akraness hefur alltaf átt gott samstarf við sveitina og fékk ég ásamt Eyþóri Guðmundssyni, sem er líka meðlimur í Björgunarfélagi Akraness, að vinna á „settinu“ (eins og það var kallað). Mér leið eins og krakka að bíða eftir jólnunum þegar við fórum í fyrsta skiptið suður í Sandvík þar sem myndin var tekin. Og já, reyndar öll þau skipti sem ég fór. Mér fannst þetta alltaf mjög spennandi og skemmtilegt.

Dagarnir hjá okkur byrjuðu snemma. Lagt var í hann frá Akranesi um sex leytið. Þó að tökur á myndinni byrjuðu aldrei fyrr en um ellefu, þá byrjuðu strákarnir sem sáu um tæknibrellurnar að fíkta við allar sprengjurnar, sem átti að nota yfir daginn, klukkan átta. Okkar var þörf ef eitthvað færi úrskaiðis þar. Mjög rólegt var á morgnana, en það var samt ekki hægt að láta sér leiðast. Hægt var að kíkja á „props-

geymslurnar“ þar sem allt sem notað var í myndinni var geymt, t.d. búningar, byssur, stóllinn hans Clints, talstöðvar og allt í anda seinni heimstýrjaldarinnar og prófa! Allt fólkið sem vann við tökurnar tók vel á móti og leyfði okkur að gramsa og skoða.

Það var alltaf tekið upp á tveimur stöðum í einu; annarsvegar þar sem Clint var og aðalleikararnir og hinsvegar þar sem verið er að taka upp með áhættuleikurum og þar var mikið um sprengjur og íkveikjur. Mér fannst auðvitað skemmtilegra að vera hjá honum Clint því þar voru allir aðalleikararnir og þeir voru alls ekki ómyndarlegir.

Einn daginn átti ég að vera ásamt Halla sem sá um sjúkragæsluna að vera hjá Clint en Eyþór hjá hinu tökuliðinu. Ég gaf Halla skýr skilaboð: ef einhver af aðalleikurunum slasast þá átti ég að fá að sjá um þá. Halli andmælti því ekki. Svo kom á daginn að Bary Pepper (lék meðal annars í *Green Mile* og *Saving Privat Ryan*) fékk sprengjubrot í vörina. Halli, greinilega búinn að gleyma skilaboðunum, stökk til og fór







að sinna honum. Ég fékk reyndar sárabót á eftir og fékk að sjá um að hreinsa sár hans kvölds og morgna næstu tvo daga. Ekki leiðinlegt.

Dagarnir voru mislangir, oftast var hætt að taka upp um átta leytið á kvöldin og við farin heim um níu.

Það sem kom mér mest á óvart í þessum starfi var hvað allt fólkið var almennilegt og kurteist. Ef mér býðst aftur svipað tækifæri, hika ég ekki við að þiggja það. Toppurinn var svo auðvitað að hitta og tala við goðið, sjálfan Clint Eastwood.

*Belinda Eir Engilbertsdóttir.*



*Nepal óskar Vestlendingum  
öllum farsældar og friðar á  
komandi ári*

*Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða*

*Starfsfólk Nepal*

# Áföngum fagnað



**F**östudagurinn 9. september sl. var sannkallaður hátíðisdagur fyrir okkur félag Björgunarfélagsins. Kallað var saman til veislu og nokkrum áföngum fagnað.

Fyrsta ber að nefna vígslu hússins okkar. Til þess fengum við séra Eðvarð Ingólfsson. Einnig vígði hann bátinn okkar sem fékk um leið nafnið Margrét Guðbrandsdóttir. Undanförunum okkar var afhentur sérmerktur fatnaður og að síðustu héldum við upp á fimm ára sameiningarafmæli.

Margt góðra gesta kom og fagnaði með okkur og þáði góðar veitingar. Nokkrar myndir frá þessari samkomu segja meira en mörg orð.





Við óskum viðskiptavinum okkar og Vestlendingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Jóla Sveigjón, starfsfólk Landsbankans á Akranesi.

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



Starfsmenn KB banka á Akranesi óska viðskiptavinum og landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*